

Tilgangur

Þetta skjal veitir þér lykilupplýsingar um viðkomandi fjárfestingaráfurð. Skjalið er ekki markaðsefni. Upplýsingarnar eru lögboðnar og markmið þeirra er að auðvelda þér að skilja eðli, áhættu, kostnað og mögulegan hagnað og tap af afurðinni og að bera hana saman við aðrar afurðir.

Afurð

Stefnir - Skuldabréfaval hs. (S)

Kennitala: 531213-9980

ISIN: IS0000025575

Rekstraraðili er Stefni hf. kt. 700996-2479

Heimilisfang: Borgartún 19 - 105 Reykjavík - Ísland

Vefsíða: www.stefnir.is

Hringja í +354 444 7400 eða senda póst á info@stefnir.is til að fá frekari upplýsingar.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands ber ábyrgð á eftirliti með afurðinni í tengslum við lykilupplýsingaskjalið. Stefni hf. er sjálfstætt starfandi fjármálastofnun skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálaþyrirtæki. Félagið starfar á grundvelli starfsleyfa frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt heimild í lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt heimild í lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Auk þess tekur starfsleyfi rekstrarfélagsins til eignastýringar, fjárfestingaráðgjafar og vörslu og umsýslu hlutdeildarskírteina eða hluta sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Stefni er dótturfélag Arion banka hf.

Lykilupplýsingar þessar miðast við 31. mars 2025

Þú ert að kaupa afurð sem er flókin og erfitt gæti verið að skilja.

Hvers konar afurð er þetta?

Tegund

Sjóðurinn er sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta hafa rýmri fjárfestingaheimildir en verðbréfasjóðir. Fjárfestingarheimildir sjóðsins koma fram undir fjárfestingarstefnuhluta útboðslýsingar hans.

Heiti

Stefnir - Skuldabréfaval hs. (S)

Markmið

Markmið sjóðsins er að ná fram langtímaávöxtun með því að fjárfesta í verðtryggðum og óverðtryggðum skuldabréfum útgefnum af fjölbreyttum hópi útgefenda, svo sem opinberum aðilum, fyrirtækjum og fjármálastofnunum. Fjárfestingar í óskráðum fjármálagerningum mega að hámarki nema 20% af sjóðnum. Stýring sjóðsins byggir á markvissri eignaráðstöfun (e. tactical asset allocation) með tíðri aðlögun eignasamsetningar.

Sjóðurinn starfar eftir fyrir fram ákveðinni fjárfestingastefnu og mun beina fjárfestingum sínum að þeim fjárfestingarkostum sem að mati rekstraraðila eru líklegastir til að skila sem bestri ávöxtun.

Sjóðurinn hefur heimild til með eigin vali að fjárfesta í sértryggðum skuldabréfum (0- 80%), eignavörðum skuldabréfum (0-50%), skuldabréfum á fyrirtæki þar sem tryggingar liggja að baki (0-50%), skuldabréfum og víxlum útgefnum af eða með ábyrgð íslenska ríkisins (0-50%), skuldabréf sveitafélaga og Láanasjóðs sveitafélaga (0-35%), innlánum eða víxlum fjármálaþyrirtækja (0-60%), skuldabréfum fyrirtækja (0-25%), öðrum skuldabréfum fjármálaþyrirtækja (0-50%), sérhæfðum sjóðum sem fjárfesta í skuldabréfum eða öðrum skuldaviðurkenningum (0-10%), öðrum skuldabréfum og víxlum (0-15%).

Ávöxtun sjóðsins ræðst af hækjun eða lækkun á markaðsvirði eigna sjóðsins á fjárfestingartímanum, þ.e. það tímabil sem þú átt hlutdeildarskírteini í sjóðnum. Fjárfestum ber einnig að skilja að gengi sjóðsins getur lækkað jafnt sem hækkað og verða því að geta þolað verðsveiflur, þar sem skammtímasveiflur í ávöxtun geta verið talsverðar. Sjóðurinn hentar vel þeim sem vilja fjárfesta til lengri tíma, en gott er að miða við tvö ár eða lengur.

Fyrirhugaður almennur fjárfestir

Sjóðurinn hentar einstaklingum, fyrirtækjum og stofnanafjárfestum sem vilja fjárfesta í dreifðu safni skuldabréfa og þola sveiflur í gengi vegna breytinga á ávöxtunarkröfu undirliggjandi eigna. Sjóðurinn er ætlaður almenningi sem og fagfjárfestum, s.s. lífeyrirssjóðum og fyrirtækjum, sem velja sér fjárfestingakosti sem fela í sér sjóði um sameiginlega fjárfestingu með rekstri og umsjón fagaðila skv. lögum og eftirliti sem um slíkan sjóð gildir á hverjum tíma.

Líftími

Sjóðurinn er opinn sjóður og engin lokadagsetning er til staðar fyrir sjóðinn. Hins vegar hefur framleiðandi afurðarinnar rétt á að slíta sjóðnum undir ákveðnum kringumstæðum, t.a.m. ef framleiðandi metur það hagstæðara fyrir hlutdeildarskírteinhasha að slíta sjóðnum eða sameina hann öðrum. Nánari upplýsingar má finna í 8. gr. Viðauka I í útboðslýsingu sjóðsins. Hægt er að kaupa og innleysa hlutdeildarskírteini í sjóðnum alla virka viðskiptadaga undir venjulegum kringumstæðum og miðast gengi viðskipta við lok viðskiptadags. Pantanir sem berast fyrir viðmiðunartíma viðskipta kl. 14:30 hljóta uppgjör að tveimur virkum dögum liðnum. Pantanir sem berast eftir viðmiðunartíma viðskipta hljóta uppgjör að þremur virkum dögum liðnum. Í undantekningartilvikum gæti innlausnum verið frestað.

Aðrar upplýsingar

Vörlslaðili: Arion banki hf.

Sölu- og vörlslaðili: Arion banki hf.

Uppgjörsmátt svjóðs: ISK.


Sjóðurinn var stofnaður 19. nóvember 2014.

Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður, þ.e. arðtekjum er endurfjárfest.

Nánari upplýsingar á www.stefnir.is

Hverjar eru áhætturnar og hvað ávöxtun gæti ég fengið?

Áhættuvísir



Áhættuvísirinn gengur út frá því að þú haldir afurðinni í 2 ár. Raunveruleg áhætta getur verið afar mismunandi ef innleyst er snemma og þá má búast við að fá minna til baka.

Samantekinn áhættuvísir er leiðbeinandi um áhættustig þessarar afurðar í samanburði við aðrar afurðir. Hann sýnir hversu líklegt er að afurðin muni lækka í verði vegna hreyfinga á mörkuðum eða vegna þess að við munum ekki geta greitt þér.

Pessi afurð hefur verið flokkuð sem 2 af 7 þ.e.a.s. lágor áhættuflokkur.

Þetta metur hugsanlegt tap af framtíðarárangri með lágu stigi, og vegna slakra markaðsaðstæðna er ekki líklegt að hafa áhrif á getu okkar til að greiða þér.

Áhættuþættir sem hafa áhrif á afurðina en áhættuvísirinn nær ekki yfir eru m.a. mótaðilaáhætta, rekstraráhætta og seljanleikaáhætta/lausafjáráhætta. Aðrir áhættuþættir gætu verið til staðar. Pessi afurð felur ekki í sér vernd gegn framtíðarárangri markaðarins svo að þú gætir tapað allri fjárfestingu þinni.

Mótaðilaáhætta: Hættan á tapi sjóðs sökum þess að mótaðili viðskipta stendur ekki við skuldbindingar sínar áður en lokauppgjör sjóðstremmis viðskiptanna á sér stað.

Rekstraráhætta: Hættan á tapi sjóðs vegna ófullnægjandi innri ferla og mistaka í tengslum við mannaúð og kerfi rekstrar félagsins, eða vegna ytri atburða, þ.m.t. lagaleg og pólitisk áhætta og áhætta vegna verklags við viðskipti, miðlun, uppgjör og mat sem innt er af hendi fyrir hönd sjóðsins.

Seljanleikaáhætta/Lausafjáráhætta: Hættan á að ekki sé hægt að selja, innleysa eða loka stöðu í eignasafni sjóðsins, með takmörkuðum kostnaði og innan ásættanlegs tímaramma.

Árangurssviðsmyndir

Hvað þú munt fá fyrir þessa afurð er háð framtíðar markaðsframmistöðu. Markaðspróun í framtíðinni er óviss og ekki hægt að spá fyrir um af nákvæmni.

Óhagstæðu, hóflegu og hagsteðu sviðsmyndirnar sem eru sýndar eru framsetning á versta, meðaltals og besta árangri af afurðinni síðustu 10 ár.

Markaðir gætu átt eftir að þróast með allt öðrum hætti í framtíðinni.

Ráðlagður fjárfestingartími: 2 ár

Dæmi um fjárfestingu: 1.000.000 kr.

Sviðsmyndir

Ef þú gengur út eftir

1 ár

Ef þú gengur út eftir

2 ár

(Ráðlagður fjárfestingartími)

Lágmark	Það er engin lágmarkstryggð ávöxtun	Þú gætir tapað hluta eða allri fjárfestingu þinni	
Álagssviðsmynd	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	919.646 kr	942.992 kr
	Meðalávöxtun á hverju ári	-8,0%	-2,9%
Óhagstæð sviðsmynd ¹	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	993.043 kr	1.018.014 kr
	Meðalávöxtun á hverju ári	-0,7%	0,9%
Hófleg sviðsmynd ²	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	1.056.881 kr	1.120.222 kr
	Meðalávöxtun á hverju ári	5,7%	5,8%
Hagstæð sviðsmynd ³	Það sem þú gætir fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	1.111.443 kr	1.219.882 kr
	Meðalávöxtun á hverju ári	11,1%	10,4%

1 Pessi sviðsmynd raungerðist fyrir fjárfestingu á tímabilinu september 2021 til september 2023

2 Pessi sviðsmynd raungerðist fyrir fjárfestingu á tímabilinu janúar 2016 til janúar 2018

3 Pessi sviðsmynd raungerðist fyrir fjárfestingu á tímabilinu ágúst 2018 til ágúst 2020

Tölurnar sem sýndar eru fela í sér allan kostnað við afurðina sjálfa, en ekki endilega allan þann kostnað sem þú greiðir ráðgjafa þínnum eða dreifingaraðila. Tölurnar taka ekki tillit til persónulegrar skattastöðu þinnar sem getur einnig haft áhrif á hversu mikið þú færð til baka.

Álagssviðsmyndin sýnir hvað þú gætir fengið til baka við alvarlegar markaðsaðstæður.

Hvað gerist ef Stefnir hf. getur ekki greitt út?

Ef Stefnir hf. getur ekki greitt út gætir þú orðið fyrir fjárhagslegu tapi. Fjárfestingar viðskiptavinar í sjóðum Stefnis njóta almennt ekki tryggingarverndar samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Vörsluaðili sjóðsins (Arion banki hf.) heldur eignum sjóðsins aðskildum frá eignum Stefnis hf. Í versta falli gætir þú tapað allri fjárfestingu þinni. Stefnir hvetur viðskiptavini að kynna sér almenna fyrirvara félagsins sem eru aðgengilegir á vefsíðu félagsins.

Hver er kostnaðurinn?

Aðilinn sem veitir ráðgjöf um eða selur þér þessa afurð kann að innheimta gjald vegna annars kostnaðar. Ef svo er, mun þessi aðili veita þér upplýsingar um þennan kostnað og hvernig hann hefur áhrif á fjárfestingu þína.

Kostnaður yfir tíma

Töflurnar sýna fjárhæðirnar sem teknar eru af fjárfestingu þinni til að standa straum af mismunandi tegundum kostnaðar. Þessar fjárhæðir eru háðar því hversu mikið þú fjárfestir og hve lengi þú átt afurðina. Fjárhæðirnar sýndar hér eru framsetningar sem byggja á dæmum um fjárfestingarfjárhæð og mismunandi möguleg fjárfestingartímabil.

Gengið er út frá:

- Á fyrsta ári munir þú fá til baka fjárhæðina sem þú fjárfestir (0% ársávöxtun). Fyrir önnur fjárfestingartímabil er gengið út frá árangri af afurðinni eins og sýnt er í hóflegu svíðsmyndinni
- Fjárfest er fyrir 1.000.000 kr.

	Ef þú gengur út eftir	Ef þú gengur út eftir
	1 ár	2 ár
Heildarkostnaður	11.907 kr	26.835 kr
Árleg áhrif kostnaðar (*)	1,2%	1,3% hvert ár

(*) Petta sýnir hvernig kostnaður dregur úr ávöxtun þinni á hverju ári yfir fjárfestingartímabilið. Til dæmis er sýnt að ef þú gengur út við lok ráðlagða fjárfestingartímabilsins er meðalávöxtun þín á ári áætluð vera 7,1% fyrir kostnað og 5,8% eftir kostnað.

Samsetning kostnaðar

Stakur kostnaður við inn- eða útgöngu		Ef þú gengur út eftir 1 ár
Inngöngukostnaður	Við innheimtum ekki inngöngugjald.	0 kr
Útgöngukostnaður	Við innheimtum ekki útgöngukostnað fyrir þessa afurð	0 kr
Viðvarandi kostnaður [sannreyndur hvert ár]		
Umsýslugjöld og annar stjórnsýslu- og rekstrarkostnaður	1,2% af virði fjárfestingar þinnar á ári. Petta er áætlun sem byggir á raunkostnaði á síðasta ári.	11.530 kr
Viðskiptakostnaður	0,04% af virði fjárfestingar þinnar á ári. Petta er áætlun um kostnaðinn sem stofnað er til þegar við kaupum og seljum undirliggjandi fjárfestingar fyrir afurðina. Raunfjárhæðin er breytileg eftir því hversu mikið við kaupum og seljum.	377 kr
Aukakostnaður við sérstök skilyrði		
Árangursjöld [og hlutdeild í hagnaði]	Ekkert árangursgjald er fyrir þessa afurð.	0 kr

Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?

Ráðlagður fjárfestingartími: 2 ár

Þú ættir að gera ráð fyrir að halda fjárfestingu þinni í 2 ár eða lengur. Hægt er að innleysa hlutdeildarskíteini að kröfu eiganda án kostnaðar en söluaðila sjóðsins er heimilt að innheimta afgreiðslugjald. Frekari upplýsingar um samsetningu kostnaðar má finna í töflunni hér fyrir ofan undir kaflanum Samsetning kostnaðar. Hægt er að kaupa og innleysa hlutdeildarskíteini alla virka daga. Pantanir sem berast fyrir viðmiðunartíma viðskipta kl. 14:30 hljóta uppgjör að tveimur virkum dögum liðnum. Pantanir sem berast eftir viðmiðunartíma viðskipta hljóta uppgjör að premur virkum dögum liðnum. Í undantekningartilvikum gæti innlausnum verið frestað.

Hvernig ber ég fram kvörtun?

Hægt er að bera fram kvörtun til Stefnis skriflega á tölvupóstfangið kvortun@stefnir.is. Tiltaka skal ástæður kvörtunar og lýsa í meginatriðum því sem kvartað er yfir. Einnig er hægt að bera fram kvörtun í síma +354 444 7400 eða með bréfpósti í heimilisfangið Borgatún 19, 105 Reykjavík, Ísland. Nánari upplýsingar um meðhöndlun kvartana er hægt að nálgast á vefsíðu Stefnis.

Aðrar upplýsingar sem skipta máli

Útgáfulýsingu sjóðsins, nýjustu útgáfu lykilupplýsingablaðs ásamt upplýsingum um ávöxtun má nálgast á www.stefnir.is.

Fyrri árangurssviðsmyndir má finna í eldri útgáfum lykilupplýsingablaða sjóðsins.